

# Áveitan

12. tbl. 3. árgangur. Desember 2009



## Skötuveisla

Ungmennafélagið Vaka býður til sinnar árlegu skötuveislu á Þorláksmessu. Veislan er sem fyrr í Þjórsárverri og hefst klukkan 12:00. Boðið verður upp á gæða skötu ásamt meðlæti, en einnig verður saltfiskur á borðum fyrir þá sem það kjósa. Kaffi og konfekt á eftir.

Verðið er sanngjarnt eins og alltaf:

Fullorðnir 1800 kr

Börn 6 – 12 ára 500 kr

Börn yngri Frítt

Við hvetjum alla til að taka sér smá hvíld frá jólaösinni, eiga notalega stund með vinum og nágroñnum og njóta þess að borða góðan mat.

Stjórn Umf. Vöku



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

Skrifstofa Flóahrepps er opin á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 9:00-16:00. Á föstudögum er opið frá kl. 9:00-13:00. Skiptiborð er opið virka daga frá kl. 9:00-13:00, sími 480-4370.

Heimasíða sveitarfélagsins er [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)  
Netfang sveitarstjóra er [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)  
Netfang oddvita er [adalsteinn@floahreppur.is](mailto:adalsteinn@floahreppur.is)

Reglulegir fundir sveitarstjórnar eru 1. miðvikudag hvers mánaðar.  
fundarstaður er á skrifstofunni í Þingborg.

Erindi, sem óskað er eftir að tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar þurfa að berast á föstudegi fyrir fundardag.

Skipulags-og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni.

Skiptiborð er opið alla virka daga frá kl. 9:00 til 12:00

Byggingarfulltrúi er Helgi Kjartansson, [helgi@sudurland.is](mailto:helgi@sudurland.is)  
Skipulagsfulltrúi er Pétur Ingi Haraldsson, [petur@sudurland.is](mailto:petur@sudurland.is)

Fulltrúi Flóahrepps í skipulags- og byggingarnefnd er Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Heimasíða skipulags-og byggingarfulltrúa er: [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is) þar sem meðal annars má sjá allar fundargerðir skipulags-og byggingarnefnda.

Félagsmálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er með aðsetur í heilsugæslustöðinni að Laugarási, Bláskógabyggð. Sími hjá félagsmálafulltrúa er 480-5300.

Félagsmálafulltrúi Flóahrepps er Nanna Mjöll Atladóttir,  
[felagsmalastjori@laugaras.is](mailto:felagsmalastjori@laugaras.is).

Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd er Guðrún Jónsdóttir, Sandbakka.

## Vatnsveita

Allmargir fundir hafa verið haldnir með fulltrúum Árborgar vegna hugsanlegs samstarfs um vatnsmál.

Vonir standa til að samningar náist á næstunni og unnt verði að hefja bráðabirgðaraðgerðir til að tryggja nægilegt vatn í Flóahreppi næsta sumar.

## **Fjárhagsáætlun**

Unnið er að gerð fjárhagsáætlunar í sveitarstjórn þessa dagana. Það er ljóst að samdráttur verður í tekjum, aðallega vegna þess að framlag Jöfnunarsjóðs mun að öllum líkindum skerðast.

Ekki hefur verið gefin út nein áætluna frá Jöfnunarsjóði en þau eru ákveðin á fjárlögum sem ekki hafa verið afgreidd enn.

Mikil vinna hefur verið unnin í öllum stofnunum sveitarfélagsins til að leita hagræðingar.

Á fundi sveitarstjórnar 4. nóvember s.l. var ákveðið að breyta ekki álagningarreglum sveitarfélagsins frá síðasta ári utan sorpgjalda sem því miður þarf að hækka. Það kemur aðallega til vegna þess að sorpurðunarstað Sunnlendinga í Kirkjuferjuháleigu verður lokað 1. desember n.k. Sorpstöð Suðurlands hefur rekið sorpurðunarstaðinn og gjaldskrá verið afar hagstæð. Við það að keyra það sorp sem fer til urðunar í Álfsnes á Kjalarnesi eins og samið hefur verið um, mun gjald fyrir urðun margfaldast fyrir utan þann akstur sem bætist við annan kostnað.

## **Vegaxlir (vasar) við Flóaveg**

Eins og vegfarendur hafa tekið eftir, hafa vegaxlir verið settar á tvo staði við Flóaveg, annars vegar við afleggjarann að Þingborg og hins vegar við afleggjarann að Langholti. Ekki náðist að klæða vasann á móts við Langholtsveg en stefnt er að því að gera það um leið og slitlag verður lagt á Langholstveginn næsta vor.

Samkvæmt upplýsingum frá Svani Bjarnasyni umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi er reynt að setja vasa við vegamót þar sem framkvæmdir eru í gangi á annað borð eins og við Langholtsveg. Vasinn á móts við Þingborg var fjármagnaður af umferðaröryggisfé.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur í tvígang sent erindi til Vegagerðar og óskað eftir slíkum vösum til að auka öryggi vegfarenda og ánægjulegt til þess að vita að Vegagerðin hafi orðið við því.

## **Gaulverjabæjarkirkja 100 ára**

Sunnudaginn 22. nóvember hélt sóknarnefnd Gaulverjabæjarsóknar upp á 100. kirkjudag Gaulverjabæjarkirkju með hátíðarmessu. Fyrir altari þjónuðu fjórir prestar, Sveinn Valgeirsson sóknarprestur, Valgeir Ástráðsson og Úlfar Guðmundsson, fyrrverandi sóknarprestur og Eiríkur Jóhannsson prófastur Árnesprestakalls. Predikun flutti biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson. Fjölmenni var við messuna og hvert sæti skipað.

Eftir messu bauð sóknarnefnd upp á kaffiveitingar í Félagslundi sem kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps annaðist. Þar fluttu ungir fíðluleiksnemendur nokkur lög með stjórnanda sínum Maríu Weiss, Úlfar Guðmundsson, fyrrverandi

sóknarprestur flutti nokkur fróðleikskorn um Gaulverjabæjarkirkju og sókn. Kirkjan fékk afhentar góðar gjafir í tilefni dagsins frá sóknarbörnum, núverandi og fyrrverandi. Margrét Jónsdóttir, formaður sóknarnefndar stýrði hátíðardagskrá í Félagslundu.

### **Bólusetningar**

Bændur í Flóahreppi eru minntir á að láta bólusetja sauðfé sitt. Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

### **Efni á heimasíðu**

Íbúar eru hvattir til að senda sveitarstjóra upplýsingar og fréttir fyrir heimasíðuna. Þannig verður síðan virkari og skemmtilegri og nýtist betur sem upplýsingaveita.

### **Framkvæmdir við Flóaskóla**

Framkvæmdir við viðbyggingu Flóaskóla miðar ágætlega. Búið er að steypa sökkla og verið er undirbúa steypu á botnplötu og á veggjum fyrstu hæðar. Enn er stefnt að því að húsið verði tilbúið næsta haust þar sem engar alvarlegar tafir eru fyrirjäänlegar.



*Íbúar og velunnarar Flóahrepps nær og fjær fá innilegar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir gott samstarf á árinu sem nú er að ljúka. Sveitarstjórn og sveitarstjóri Flóahrepps.*

### **Guðþjónustur í Hraungerðisprestakalli í desember**

#### **25. desember, jóladagur.**

Hátíðarguðþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30

Hátíðarguðþjónusta í Laugardælakirkju kl. 15:00

#### **26. desember, annar jóladagur.**

Hátíðarguðþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.

Sóknarprestur

## *Frá Flóaskóla*

Þegar aðventan gengur í garð snum við mörgum skemmtilegum verkefnum í Flóaskóla. Í byrjun desember eru sr. Sveinn og sr. Kristinn Ágúst væntanlegir í heimsókn til okkar en þeir ætla að eiga notalega stund með nemendum og fræða þá m.a. um adventukertin fjögur. Þá stefnum við að því að kveikja á jólatré skólans. Nemendur fara svo í stöðvavinnu í árlegri „jólahringekju“, en í henni vinna þeir jólatengd fönðurverkefni í aldursblönduðum hópum. Jólahringekjan hefur alltaf heppnast mjög vel og nemendur farið heim með mjög eigulega hluti sem þeir geta notað annað hvort sem skraut eða gjafir. Kennarar eru ótrúlega útsjónarsamir við að halda fönðurkostnaði í lágmarki og leitast eftir að nota náttúrulegan efnivið, nýta það sem til er og fá t.d. krukkrur og annað sem til fellur heimilum okkar.

Danssýning nemenda heppnaðist ljómandi vel og var að heyra á foreldrum að þeir telji dansnámskeiðin nauðsynlegan hluta skólastarfsins og bæta mjög miklu við það starf sem annars fer fram í skólanum. Að lokinni danssýningu borðuðum við pylsur úti á skólalóð í miklum kulda og sýndum foreldrum afrakstur þemavinnu í útikennslu.

Foreldrar tóku þátt í viðhorfskönnun í skólanum í lok október. Niðurstöður hennar liggja nú fyrir og verða settar á heimasíðuna [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) mjög fljótlega. Við erum mjög ánægð með útkomu könnunarinnar en hún sýnir að foreldrar eru í um 90% tilvika ánægðir með skólann og skólastarfið. Margir nefna einnig mikla ánægju með starfsfólk skólans og telja að það sinni faglegu og metnaðarfullu starfi. Við þökkum foreldrum fyrir þátttökuna. Það er samvinnuverkefni heimila og skóla að koma börnunum til aukins þroska og veita þeim menntun við hæfi og gott samstarf eykur árangur og vellíðan barnanna.

Eins og áður hefur komið fram hafa unglíngarnir okkar í 8. bekk fengið fjölbreytt og skemmtilegt nám í lífsleikni, nám sem tengist umhverfis- og starfsfræðslu og samfélagsvitund. Fjölbreytileikinn í þessum kennslustundum nemenda hefði ekki verið mögulegur ef ekki hefði komið til mikils og góðs samstarfs við fólkið í samfélaginu. Þar hafa fjölmargir lagt hönd á plóg við að kynna störf og verkefni fyrir nemendum og ýta undir áhuga þeirra á fjölbreyttum verkefnum. Þar sem þetta er síðasta fréttabréf ársins þá langar mig að gefa ykkur stutt yfirlit yfir tímana þeirra frá skólabyrjun:

- Heimsókn frá skólahjúkrunarfræðingi sem fjallaði um „hugrekki“ en það er námsefni heilsugæslunnar fyrir unglínga.
- Heimsókn frá lögreglumanni sem spjallaði um forvarnir gegn fikniefnum og bauð nemendum svo í heimsókn á lögreglustöðina.
- Fræðsla í skólanum um íslensku haustverkin, m.a. slátur- og sultugerð.

- Vettvangsferð í Tré og list, fræðsla um safnið og starfsemi þess.
- Norræna skólahlaupið, verkefni á vegum ÍSÍ, unnið í samstarfi skólans og ungmennafélaganna.
- Kynning á flugvélasmiði hjá Albert á Sandbakka.
- Æfing í leikhúsförðun með Kolbrúnu í Kolsholti.
- Heimsókn í gamla bæinn að Austur-Meðalholtum
- Vettvangsferð í kúabúið að Stóra-Ármóti
- Fræðsla á vegum Ingunnar Hörpu Bjarkadóttur og Bjarna Más Ólafssonar á því hvað þarf til að ná árangri í íþróttum
- Prufutími í glervinnslu hjá Hjördísi (bjó áður í Breiðholti)

Á döfinni er áframhaldandi fjölbreytt starf frá áramótum og til vors og er frekara samstarf við ýmsa aðila í Flóahreppi fyrirhugað. Við viljum nota þetta tækifæri og þakka þeim sem hafa komið í heimsókn til okkar eða tekið á móti okkur fyrir óeigingjörn störf í þágu skólastarfsins.

Ég óska íbúum Flóahrepps og lesendum öllum gleðilegrar jólahátíðar og þakka gott samstarf og velvilja í garð Flóaskóla á liðandi ári.

Aðventukveðja frá Flóaskóla,  
 Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.  
 kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

## Jólaguðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju

Jólaguðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju verður á jóladag kl. 14:00. Haukur

Gíslason er organisti, kirkjukór Gaulverjabæjarkirkju leiðir safnaðarsöng, allir hjartanlega velkomnir.

sóknarprestur

## Þorralót

Þorralótið í Þjórsárveri verður haldið laugardagskvöldið 23. janúar 2010. Nánar auglýst síðar! Nefndin.



## Hrósdálkurinn

Það að setjast niður og lesa Áveituna er nánast heilög stund fyrir mér, byrja á fyrstu síðu og lesa hvert einasta orð.

Áveitan hefursín sérkenni með íþróttu og kvenfélagsfréttum, gaman oft og fræðandi að lesa pistilinn, fréttir af skólastarfi, færni hagræðinga og margt fleira.

Ég var því mjög hrifin af þessum dálki sem Kristín skólastjóri hrinti af stað í síðasta blaði og las hann af áhuga. Lokalínurnar slóu mig þó aðeins út af laginu þar sem hún skoraði á mig að hrósa í næsta blaði. Jafnaði mig þó furðu fljótt, því það er alltaf gaman að taka áskorunum, sérstaklega þeim sem hafa jákvæð formerki.

Hróslistinn minn hljómar svona:

Ég vil hrósa útgefendum og ábyrgðarmönnum Áveitunnar fyrir blaðið og hvet þau áfram til dáða.

Síðan hrósa ég kennurum og starfsmönnum Flóaskóla fyrir frábært skólastarf og notalegt andrúmsloft í skólanum, það skiptir miklu máli!

Sóley Andrésdóttir í Sveitabúðinni Sóley fær einnig hrós frá mér. Fyrir jákvætt og þægilegt viðmót enda ber búðin nafn með rentu því yfir því er mikil birta. Þangað sendi ég marga gesti mína og allir hafa þeir komið til baka með bros á vör. Ég hvet því sveitunga mína til að versla í heimabyggð enda Sveitabúðin Sóley sannkölluð jólaverslun.

Ég skora á Oddnýju í Gaulverjaskóla til að hrósa í næsta blaði. Um leið og ég tek undir með Kristínu skólastjóra og hrósa þeim Oddnýju og Gesti fyrir vel heppnaða uppbyggingu og einnig fyrir sérlega vel heppnaða tónleika með Gunnari Þórðarsyni, þar sem myndaðist skemmtileg kaffihúsastemning í Félagslundu. Með von um fleiri slíkar uppákomur.

Að lokum vil ég nota tækifærið og óska öllum sveitungum mínum gleðilegra jóla og friðar um aðventuna.

Verum hress og ekkert stress.

Helgi Friðrik Halldórsson  
Laufhóli

## **Fréttir frá Umf. Vöku:**

### **Aðalfundur**

Aðalfundur Vöku verður haldinn 2. janúar 2010 í Þjórsárverri. Fundurinn er um miðjann daginn eða **kl 14:00** til að hvetja yngri félagsmenn til að koma og taka þátt.

Venjuleg fundarstörf, veitingar og verðlaunaafhendingar. Nýir félagar sérstaklega velkomnir, annars eru allri hvattir til að mæta, ungir sem aldnir og taka þátt í fjörugum og skemmtilegum umræðum.

### **Óvænt heimsókn**

Á aðfangadagsmorgun á milli 10:00 og 13:00 verða óvæntir og skemmtilegir gestir á ferð um sveitina. Þeir sem vilja koma sendingu til þeirra skili þeim til Hallfríðar í Lyngholti, eða í skötuveisluna á Þorláksmessu.

### **Prettándagleði**

Prettándagleðin verður haldin 6. janúar í Þjórsárverri klukkan 20:00. Að venju mun skemmtunin hefjast á leikdagskrá úr smíðju ungmennafélaga, síðan verður flugeldasýning og bingó. Ég vil minna krakka fædda 1996 og eldri á að þeir eru velkomnir að koma og hjálpa okkur við undirbúning skemmtunarinnar því margar hendur vinna létt verk.

### **Jólaþakveðja**

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þökkum ánægjuleg samskipti og samstarf á líðandi ári.

### **Styrkir til félagsmanna Umf. Vöku**

Umf. Vaka mun í ár, eins og undanfarin ár, styrkja félagsmenn sína sem stunda íþróttir og æfa með öðrum félögum.

Þar sem Umf. Vaka stendur ekki fyrir íþróttæfingum í öllum greinum, reynum við að koma til móts við félagsmenn okkar á þennan hátt.



Allir félagsmenn Umf. Vöku sem æft hafa einhverja íþróttagrein hjá öðru félagi á árinu 2009 geta sótt um þennan styrk, skilyrði er þó að viðkomandi hafi greitt árgjöld Umf. Vöku á árinu, eigi það við.

Umsóknum, ásamt staðfestingu á greiddum æfingagjöldum, skal skila til gjaldkera fyrir 15. desember og styrkurinn verður greiddur út fyrir ármót.

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir Gjaldkeri  
lyngh@emax.is / S8459719

### **Árgjald Umf Vöku**

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2009. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 8459719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri

### **Sjálfböðavinna**

Eins og allir vita felst starf Umf. Vöku að langmestu leyti í sjálfböðavinnu. Við hjá Vöku erum heppin því yfirleitt tekst ágætlega að manna þær uppákomur og atburði sem ungmennafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í. Engu að síður er þetta oft á tíðum mikil vinna.

Stjórn Umf Vöku hvetur alla þá sem áhuga hafa að starfa með ungmennafélaginu til að láta okkur vita. Nú fer senn að líða að Skötuveislunni í Þjórsárverri sem er mikilvægur þáttur í fjáröflun félagsins og væri það vel þegið ef einhverjir sæju sér fært um að leggja okkur lið. Margar hendur vinna létt verk.

Með kveðju, Stjórn Umf Vöku  
hallieinars@hotmail.com  
lyngh@emax.is

## Frá Villingaholtskirkju

Við skoðun á kirkjunni í október, kom í ljós að jarðskjálftaskemmdir frá árinu 2000 eru í grunni kirkjunnar, sem þarfnast viðgerða sem allra fyrst, til að ekki hljótist af meira tjón eða slys. Gert verður við undirstöður til bráðabirgða í desember til að hægt verði að halda hátíðarguðsþjónustu á jóladag kl. 13.30. Í janúar verður svo byrjað á að gera við fyrir alvöru en ekki er nákvæmlega ljóst á þessari stundu hvað verður gert, líklega þarf þó að fjarlægja bekki og jafnvel altari, taka upp gólfborðin að hluta eða öllu leyti og lagfæra hleðslur undir gólfbitunum, en við erum búnar að ráða smíði frá Eyrarbakka til að gera við og eru þeir í samstarfi við starfsmenn Húsafriðunarnefndar við ákvörðun viðgerðanna. Ekki er vitað hvað viðgerðin tekur langan tíma, en þó lofa þeir að hægt verði að ferma í kirkjunni á hvítasunnu.

Vegna þessa verður ekki aðventusamvera í kirkjunni 6. desember eins og auglýst hafði verið, en sameiginleg aðventusamvera verður í Félagsheimilinu Þingborg laugardaginn 12. desember kl. 16.00. Við viljum hvetja ykkur öll til að koma og eiga notalega samverustund með okkur.

Sóknarbörnum, og þar á meðal fermingarbörnum og aðstandendum þeirra er bent á að sækja guðsþjónustur í einhverja af kirkjunum sem eru hér í kring, þ.e. Hraungerðiskirkju, Gaulverjabæjarkirkju eða Selfoskirkju.

Með kveðju

f.h. sóknarnefndar Villingaholtskirkju,

Anna Fía Ólafsd. formaður

Sólveig Þórðard. Gjaldkeri

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju óskar öllum íbúum Flóahrepps og velunnurum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Innilegar þakkir til allra þeirra sem aðstoðuðu við að rífa upp trén í kringum kirkjugarðinn í haust.

Sérstakar jólakveðjur viljum við senda til starfsfólks kirkjunnar, þ.e. öllu okkar góða kórfólki, hringjara, meðhjálpara, organista, sóknarprests og fjölskyldna þeirra. Megi góður Guð gefa ykkur öllum gæfuríka jólahátíð með innilegri þökk fyrir ykkar óeigingjarna starf á liðnum árum.

Við viljum vekja athygli ykkar á að minningakort Villingaholtskirkju eru hjá Önnu Fíu á Skálatjörn s: 483 3570/848 3992 og hjá Sólveigu á Skúfslæk II, sími 482 2553/869 6534.

Sóknarnefndin.

## Fréttir frá Krakkaborg

Nú þegar desembermánuður hef heilsað enn eitt árið er margt sem flýgur í gengum hugann. Ljóst er að við lifum á tímum óvissu og sjálfsagt mörgum sem reynist erfitt að takast á við veruleikann. Því getur fylgt mikil togstreita á milli tilfinninga og skynsemi. Nú sem aldrei fyrr reynir á fólk að halda ró sinni því við breytum engu ef við látum tilfinningar okkar hlaupa með okkur í gönur. Greinum á milli þeirra þátta sem við getum breytt og þeirra sem eru hluti af fortíðinni. Einblínum á gleðina, þakklæti, styrk okkar og þá umhyggju sem við berum hvert fyrir öðru. Með því sköpum við þann veruleika sem við lifum í því hann er afrakstur hugsanna okkar. Ábyrgð okkar er mikil, notum tækifærið og verum börnum okkar góð fyrirmynd. Börnin okkar eiga skilið að lifa í andrúmslofti sem er nærandi og gefandi. Gott er að hverfa aftur til æskuáranna og íhuga hvað það var sem gladdi okkur sem börn og eða hvað það var sem olli særindum. Ég er viss um að við getum verið sammála að ljúfar minningar tengjast allar með einum eða öðrum hætti tilfinningum eins og gleði, þakklæti og umhyggju.

Í nóvembermánuði brölluðum við margt saman. Tígrakrakkar og elstu Strumpar fóru í skemmtilega menningarferð á Selfoss. Ferðinni var heitið á bókasafnið þar sem var tekið mjög vel á móti okkur. Starfsmennirnir sýndu okkur bókasafnið, skjalasafnið og skemmtilegar myndlistar- og fündursýningar. Börnin fengu að heyra nokkrar sögur og einnig fengu þau nokkrar bækur að láni frá safninu. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og þökkum við starfsfólki bókasafnsins kærlega fyrir móttökurnar.

ART tímarnir hafa vakið mikla lukku börnunum og erum við afar ánægð með það. Það er frábært að heyra og sjá hvað krakkarnir skemmta sér vel og eru opin og einlæg. Þau hafa m.a. verið að læra hvernig á að biðja um hjálp. Einnig höfum við rætt um reiðina, hvað það er sem gerir okkur reið og hvernig við finnum það í líkamanum þegar við erum að verða reið. Einnig töluðum við um hvernig við getum róað okkur niður aftur, en það eru ýmsar aðferðir til þess og ART krakkarnir eru með þær alveg á hreinu. Í ART tímum þurfa þau oft en ekki að hugsa mikið og mynda sér skoðun á einhverju sem þau eru ekki endilega vön að gera. Okkur fannst því alveg ómetanlegt að heyra þegar eitt barn var að segja öðru barni frá því sem þau væru að læra í ART og sagði: "Art er rosalega skemmtilegt og fyndið. Við erum alltaf að læra allskonar eitthvað. Maður hugsar stundum svo mikið að maður verður næstum því geðveikur".

Í leikskólanum héldum við Dag íslenskrar tungu hátíðlegan en hann hefur verið haldinn hátíðlegur á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, þann 16. nóvember, síðan árið 1996 samkvæmt tillögu menntamálaráðherra. Í tilefni dagsins lögðum við áherslu á að kenna börnunum gamlar og góðar ferskeytlur. Að auki fóru elstu börn Tígradeildar í heimsókn í Flóaskóla og tóku þátt í

hátíðardagskrá í tilefni dagsins. Við í leikskólanum drógum einnig íslenska fánann að húni til heiðurs minningu Jónasar Hallgrímssonar.

Við leggjum mikla áherslu á að njóta augnabliksins, samverunnar við hvert annað og gleðinnar. Sér í lagi nú í desembermánuði þegar markaðshyggjan reynir að krækja í okkur og smeygir sér inn í hugskot okkar með öllum tiltækum ráðum. Snúum vörn í sókn og hugsum stórt í réttu samhengi. Verum stórhuga, leysum okkur úr viðjum vanans með því að glæða lífið í desembermánuði fyrst og fremst tilbreytingar. Íhugum hvað það er sem veitir okkur og börnunum okkar hamingju. Felst hamingjan í stórum og mörgum þökkum eða felst hún í því að njóta líðandi stundar. Látum gleðina vera alsráðandi því sá sem er glaðvær hrífur aðra með sér og léttir þeim lífið. Að lokum vil ég fyrir hönd starfsfólks Krakkaborgar þakka þeim foreldrum sem hafa haft samband við okkur og lýst yfir ánægju sinni með starf leikskólans. Slíkt er okkur öllum ómetanlegt og gefur okkur kraft til að halda áfram að gera góðan skóla enn betri.

Megi gleðin gefa ykkur orku og frið,

F.h. Starfsfólks Krakkaborgar

Karen Viðarsdóttir leikskólástjóri



## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

### **Bakað og matreitt í 90 ár**

Félagið hefur gefið út uppskriftabókina „Bakað og matreitt í 90 ár“. Hefur bókin að geyma 120 uppskriftir frá 25 konum í félaginu. Einnig eru í bókinni allmargar eldri uppskriftir frá kvenfélagskonum fyrri ára, en margar þeirra uppskrifta hafa fylgt félaginu í áratugi.

Öll vinna við útgáfuna var unnin af kvenfélagskonum og mun allur ágóði af sölu bókarinnar renna til góðgerðamála.

Bókin verður til sölu hjá formanni félagsins, Valgerði á Mjósyndi, en síminn hjá henni er 486-3356. Þessi eigulega uppskriftabók er tilvalin í jólapakkann.

### **Jólafundur**

Skemmtinefnd býður til jólafundar fimmtudagskvöldið 10. desember kl. 20:30 í Þjorsárverri. Handverkskonan Karin Norgaard í Hnausi ætlar að koma og spjalla við okkur og leiðbeina okkur með svolítið jólafundur. Lesin verður jólasaga og pakkaleikurinn verður á sínum stað. Einnig eru konur hvattar til að hafa með sér einhverja hluti sem þær hafa verið að vinna að í haust, eða gert núna fyrir jólin, og sýna okkur hinum. Það er alltaf gaman að sjá hvað aðrar konur eru að gera. Að sjálfsgöðu verður uppskriftabókin góða til sölu.

Það sem þarf að hafa meðferðis er lítill jólapakki og eitthvað lítilræði með kaffinu. Þetta verður notaleg kvöldstund með jólatónlist, kertaljósom og skemmtilegum félagsskap.

## Jólaball í Þjórsárverri

Hið árlega jólaball Kvenfélags Villingaholtshrepps verður í Þjórsárverri sunnudaginn 27. desember og hefst kl 14. Gengið verður í kringum jólatréð og sungið og líklegt er að rauðklæddir sveinar líti við og gleði börnin. Á eftir verður drukkið öl og kaffi og er fólk beðið um að leggja til bakkelsi á veisluborðið eins og ávallt.

Aðgangseyrir er kr. 500 fyrir 6 ára og eldri en yngri gestir fá frítt. Allir eru hjartanlega velkomnir á jólaballið.

Um kvöldið kl 20:30 verður spiluð félagsvist að vanda. Kortið kostar 500 kr. og eru að sjálfsgöðu veglegir vinningar.

Skemmtinefndin

### Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

#### Leikhúsferð

Kvenfélag Hraungerðishrepps stendur fyrir leikhúsferð á Hellisbúann 9. janúar 2010 sem sýndur er í Íslensku Óperunni. Sýningin hefst klukkan 19:00. Þátttaka tilkynnist til Möggu Einars 482-1180/697-7217 eða Helgu B 482-1075/846-9320. Þanta þarf miða í síðasta lagi 14. desember næstkomandi. Allir velkomnir með.

#### Jólaball

Jólaball Kvenfélagsins verður haldið í Þingborg mánudaginn 28. desember nk. Ballið byrjar kl. 14:00 og verður með sama sniði og undanfarin ár. Vonumst til að sjá sem flesta.

Skemmtinefnd Kvenfélagsins

#### Jólafundur

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg laugar- daginn 5.des. nk. kl. 11:00.

Að fundi loknum snæðum við saman jólahádegisverð. Hvetjum alla félaga til að mæta svo og þær sem ætla að ganga í félagið núna. Eigum saman notalega stund í upphafi adventunnar.

Stjórnin

Kaffikonur. Guðbjörg, Hafdís, Helga Baldurs, Hilda, Inga, Veronika og Þorbjörg.

## Pistillinn

Heilir og sælir kæru sveitungar!

Ég get víst ekki skorast undan brýningum Domma vinar míns og reyni að hnoða einhverju saman. Af einhverju hlýtur að vera að taka eftir 32 ára búskap og farið að halla í sextugt. Fyrir rúmum 30 árum voru búhættir svolítið öðruvísi. Þá bjuggu allir með blandaðan búskap, þ.e. með kúr og kindur. Þetta hefur breyst í seinni tíð, búskapur hefur færst meira til nautgriparæktar og fé hefur fækkað, er meira svona til heimilis eða "hobbý". En svo er annað sem færist í vöxt, það er að fólk býr í sveitinni og hefur vinnu af öðru en búskap. Það er ánægjuleg þróun, því þá fara jarðirnar ekki í eyði eins og sagt er. Svo eru öll nýbýlin sem dreifast um allt sveitarfélagið, það er mikill auður í því. Heilu atvinnugreinarnar rísa upp og er það allt til að auka flóruna. Ég hef alltaf verið stoltur af því að hafa tekið þátt í að vinna að sameiningu skólanna í hinum gömlu hreppum sem ég held að allir séu sáttir við í dag enda hefur listavel til tekist, þetta er stór vinnustaður. Eins er ég ánægður með að hafa tekið þátt í sameiningu hinna gömlu hreppa í einn Flóahrepp. Flóahreppur er í mótun og verður okkur til heilla.

Yfir í svolítið annað. Það hefur nú varla farið framhjá nokkrum manni hér í sveit að við hjónin í Dalbæ höfum svolítið gaman af hrossum. Við förum bæði margar fjallferðir og höfum ferðast töluvert á hrossum um landið með góðum vinum. Einnig marga hringi innan sveitar. Í tímans rás hefur skapast sú hefð hjá okkur að áliðnum vetri að ríða milli bæja eins og sagt er. Þá er skroppið í Kotið til Einars og Ellu Veigu og svo svona í apríl að Hurðarbaki til Óla og Kristínar, er margs að minnast úr þeim ferðum. Ég hafði á orði við Óla í vetur hvort við færum ekki að letjast við þessar ferðir. NEI, sagði Óli, meðan við getum klofað á bak, höldum við þessum sið. Undir vorið koma þeir svo galvaskir ofan úr Villingaholtsfjöllunum með fríðu förumeyti og þá er nú oft glatt á hjalla. Já ég held bara að svo muni verða á meðan maður dregur andann, þá reyni maður að klofa á bak tryppi.

Kæru sveitungar, ég óska ykkur gleðilegra jóla, árs og friðar.

Már Dalbæ

Ég skora á lífskúntnerinn Ástráð Guðmundsson, E-Hellum, að rita næsta pistil.

## Frá UMF Baldri

### **Þorablótsþittingur - annáll**

Sunnudagskvöldið 20. desember næstkomandi klukkan 20:00, ætlum við hjá UMF Baldri að hittast og fara yfir atburði líðandi árs. Allir þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þorablótsannáll og undirbúningi þorablóts 2010 eru beðnir um að mæta. Allir sem eru fæddir 1996 og fyrr eru hjartanlega velkomnir.

### **Aðalfundur UMF Baldurs**

Aðalfundur UMF Baldurs verður haldinn þann sunnudaginn 10. janúar næstkomandi klukkan 13:00. Verður nánar auglýstur í næstu Áveitu en fyrirbyggur nú þegar að núverandi formaður, Haukur Gíslason ætlar ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi formannssetu og því mega félagsmenn leggja höfuðið í bleyti og hugsa um hverjum þeir treysta fyrir félaginu. Áhugasamir mega hafa samband við stjórn félagsins, eins ef fólk hefur tillögur um nýjan formann.

### **Þrettandagleði**

Þrettandagleði UMF Baldurs verður haldin að venju í byrjun janúar. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

### **Þorablót í Þingborg**

UMF Baldur ætlar að halda sitt árlega og skemmtilega þorablót laugardagskvöldið 30. janúar nk. Takið daginn frá og byrjið að þússa dansskóna og æfa sporin. Hljómsveitin Stuðlabandið mun leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá.

### **Árgjald Umf. Baldurs**

Athygli féлага Umf. Baldurs er vakin á því að árgjald ungmennafélagsins er kr. 1.000.- Þeir sem eru á aldrinum 7-13 ára greiða hálf árgjald þe.kr. 500.- frítt er fyrir félagsmenn yngri en 7 ára.

Félagar eru vinsamlegast beðnir um að greiða félagsgjaldið í gegnum heimabanka eða hafa samband við viðskiptabankann og biðja gjaldkera um að millifæra. Vinsamlega tilgreinið nafn og kennitölu greiðanda.

Reikningsnúmer Umf. Baldurs er 0586-26-979 og kt. er 471077-0979

Ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við gjaldkera, Svanhvíti í síma 482-2911 eða á tölvupósti [lambastadir@emax.is](mailto:lambastadir@emax.is)

Með kveðju,

Svanhvít Hermannsdóttir  
gjaldkeri Umf. Baldurs.

## **Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps**

### **Aðventuskemmtun fyrir eldri borgara**

Föstudaginn 11. desember býður Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps eldri íbúum í Flóahreppi á aðventuskemmtun í Félagslundi, sem hefst kl. 15.00. Kaffi og meðlæti. Burtfluttir sveitungar sérstaklega boðnir velkomnir.

### **Jólafondur og glögg!**

Föstudagskvöldið 11. desember er komið að jólafondri kvenfélagsins. Í fyrra voru það könglakransar (kreppukransar), sem heppnuðust afar vel. Við höldum áfram með þann efnivið og búum til jólatré úr grenikönglum (það er til nóg af könglum) og keilum úr oasis-efni. Falletg er að skreyta þau með alls kyns kúlum og skrauti og jafnvel þurrkuðum berjum og lyngi, að ekki sé talað um kanilstangir, um að gera að kíkja í geymslurnar heima og gá hvað er til og hafa það með. Einnig verður á staðnum skraut úr Blómavali ef einhverjar vilja. Og ekki gleyma límbyssum og lími! Eftir allt erfiðið setjumst við niður og fáum okkur þýska jólaglögg og smákökur, við verðum örugglega búnar að baka eitthvað.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

### **Jólaball!**

Jólatrésskemmtun Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldin í Félagslundi sunnudaginn 27. desember og hefst kl. 13.30. Dagskrá verður með hefðbundnu sniði, Sr. Sveinn kemur og segir börnunum sögu og syngur með þeim nokkur lög, dansað verður kringum jólatréð við undirleik Magnúsar og Leifs og ef færð og veður verður með heppilegu móti, kíkja kannski jólasveinar í heimsókn. Nú fjölmennum við á jólaball, börn, pabbar og mömmur, afar og ömmur og allir hinir og skemmtum okkur saman. Kaffi og kökur, ís og ávextir. Um kvöldið spilum við svo félagsvist og byrjum kl. 20.30. Góðir vinningar.



## Glímufréttir

### Fjórðungsglíma Suðurlands

Fjórðungsglíma Suðurlands fór að Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 19. nóvember 2009. Keppt var í flokkum 11 ára og yngri, 12 til 13 ára, 14 til 15 ára og 16 ára og eldri hjá báðum kynjum. Keppendur voru 31 frá sjö félögum á sambandssvæði HSK.

Úrslit keppenda frá Samhygð, Vöku og Baldri

Karlar	16 ára og eldri	Félag	1	2	3	4	5	Vinn.		
2. Stefán Geirsson		Samhygð	=	x	1	1	1	3,5+0		
Meyjar	14 – 15 ára	Félag	1	2	3			Vinn.		
1. Marín Laufey Davíðsd.		Samhygð	x	1	1			2		
Piltar	12 - 13 ára	Félag	1	2	3	4	5	6	7	Vinn.
4.-5. Viðar Janus Helgason		Samhygð	0	0	0	=	x	1	1	2,5
Stúlkur	12 - 13 ára	Félag		1	2	3				Vinn.
1. Guðrún Inga Helgadóttir		Vaka		x	1	1				2
3. Helga Leifsdóttir		Samhygð	0	0	x					0
Strákar	10 - 11 ára	Félag	1	2	3	4	5			Vinn.
1.-2. Þorgils Kári Sigurðsson		Vaka	=	x	1	1	1			3,5+0,5
5. Þórarinn Guðni Helgason		Samhygð	0	0	0	0	x			0
Stelpur	10 – 11 ára	Félag	1	2	3	4				Vinn.
4. Hanna Kristín Ólafsdóttir		Baldur	0	0	0	x				0

### Glímuæfingar

Nýjrir iðkendur eru alltaf velkomnir á glímuæfingar á mánudagskvöldum kl. 20:00 til 21:00 í Félagslundi. Krökkum í 3. bekk er velkomnið að koma og prófa sig en vel er rými fyrir fleiri á æfingum eins og aðsóknin hefur verið undanfarið. Síðasta æfingin fyrir jól verður 7. desember, síðan verður tekið mánaðar frí um jól og áramót en síðan byrjað að æfa með krafti þann 11. janúar 2010.

Stefán Þjálfari

## Flóðgáttin

Flóðgáttinni barst nýverið vísnasending frá Guðmundi bónda í Hraungerði. Þar kennir ýmissa grasa á velli vísnaengerðar enda Guðmundur fær og fjölfróður hagrýðingur og löngu tímabært að fá yrkingum hans stað hér í Flóðgáttinni. Sumar vísanna hafa birst áður á bloggi Guðmundar eða verið sendar inn á Leirinn sem er tölvupóstlisti hagrýðinga en fyrstu vísuna flutti Guðmundur sem kynningu á vísnaðvöldi á Gónhóli á Eyrarbakka

### Kynning á vísnaðvöldi á Gónhóli á Eyrarbakka

Í ofanverðum fæddur er í Flóa  
fegurð mesta þar ég augum lít.  
Og eitt er víst, þar bestu blómin gróa  
í breiðum þar sem deift er nógum skít.

### Kveðið um veturnætur

Um heystæðu haustvindur næðir  
úr hámjólka kúnum nóg flæðir.  
Bóndans æ bætir það hag.  
Drjúggóð er hausthaga beitin.  
Hestana safnast á feitin  
sumarsins síðasta dag.

### Nýjustu lánþegarnir

Fjármagns verða ekki án  
orð því varla lýsa  
Nú ætla þeir að auka lán  
út á fósturvísa.

Ekki tel þann orðasveim  
efni djúpra sorga.  
Efalaust mun endast þeim  
ævin til að borga.

Flóðgáttin þakkar Guðmundi kærlega fyrir sendinguna og vísast sækjum við meira í sarpinn hjá honum síðar meir. Flóðgáttin er annars öllum opin fyrir bundið mál.

Umsjónarmaður er Stefán Geirsson, netfang: [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)

## Frá Umf. Samhygð

### Heimsókn á aðfangadag

Fyrir hádegi á aðfangadag verða góðir gestir á ferð á félagssvæði Samhygðar. Þessir kúnstugu sveinar heimsækja krakka í sveitinni og afhenda þeim jafnvel gjafir. Þeir sem vilja koma sendingu á sveinana síkátu skulu koma henni til Stefáns í Gerðum fyrir aðfangadag.

### Árgjald Samhygðar

Félagar eru vinsamlegast minntir á að borga árgjaldið en það er kr. 1000 fyrir 14 ára og eldri.

Félagar eru beðnir um að greiða félagsgjöldin með millifærslu í heimabanka eða hjá gjaldkera í sínum banka. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðenda.

Reikningsnúmer Umf. Samhygðar er: 0152-26-23817 og kennitala 471077-1359.

Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Samhygðar Hugrónu Geirsdóttur í síma 8487765 eða í tölvupósti [huggageirs@hotmail.com](mailto:huggageirs@hotmail.com)

### Þrettándaskemmtun

Haldið verður upp á þrettándann í Félagslundinu að kvöldi þrettándadags jóla þann 6. janúar. Kveikt verður í bálkesti, og sprengdar rakettur síðan verður skemmtidagskrá í Félagslundinu á eftir. Kveikt verður í kl. 20.00.

*Umf. Samhygð óskar félögum og velunnurum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.*

## Hafsteinsmót í atrennulausum stökkum

*Langstökk, þristökk og hástökk án atrennu*

Laugardaginn 12. des 2009 stendur æfingahópurinn í frjálsum íþróttum á Selfossi fyrir keppni í atrennulausum stökkum. Tilgangur mótsins er að viðhalda keppnum í atrennulausum stökkum sem hefur farið fækkandi með árunum. Mótið er einnig fjáröflun fyrir æfingaferð um næstu páska. Mótið heitir eftir Hafsteini Þorvaldssyni félagsmálamanni. Hafsteinn var formaður UMFÍ á árunum 1969-1979 og hefur sinnt frjálsum íþróttum með ómetanlegum hætti í áraraðir og gerir enn. Mótið er haldið í Baulu, íþróttahúsinu við Sunnulækjarskóla og hefst kl. 10.

Skráning á staðnum og kostar 500 kr. í hverja grein. Keppnisflokkar eru 15-16 ára og svo 17 ára og uppúr bæði í karla og kvennaflokki. Verðlaun eru fyrir fyrstu þrjú efstu sætin í hverjum flokki og farandbikar fyrir bestan samanlagðan árangur. Nánari upplýsingar hjá Haraldi (699-8238, [hallieinars@hotmail.com](mailto:hallieinars@hotmail.com)) og Bjarna Má (693-4785, [bjarnimar@hotmail.com](mailto:bjarnimar@hotmail.com))

## Dagskrá mánaðarins

Æfing yngri	2. desember
Jólafundur Kvenfélags Hraungerðshrepps	5. desember
Glímuæfing	7. desember
Æfing eldri	8. desember
Æfing yngri	9. desember
Jólafundur Kvenfélags Villingah.hr	10. desember
Aðventuskemmtun fyrir eldri borgara	11. desember
Jólafundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	11. desember
Aðventusamvera í Þingborg	12. desember
Hafsteinsmót í atrennulausum stökkum	12. desember
Æfing eldri	15. desember
Æfing yngri	16. desember
Porrablótshittingur í Þingborg	20. desember
Skötuveisla í Þjórsárveri	23. desember
Jólasveinar á ferð í Villingaholtshreppi	24. desember
Jólasveinar á ferð í Gaulverjabæjarhreppi	24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugarðælakirkju	25. desember
Jólaguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	26. desember
Jólaball og spilakvöld í Þjórsárveri	27. desember
Jólaball og spilakvöld í Félagslundi	27. desember
Jólaball í Þingborg	28. desember
Aðalfundur Umf. Vöku	2. janúar

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári!



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160